

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Mildison Lipid 1% krem

hýdrórkortisón

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.
- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan viku.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Mildison Lipid og við hverju er það notað
2. Áður en byrjað er að nota Mildison Lipid
3. Hvernig nota á Mildison Lipid
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Mildison Lipid
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Mildison Lipid og við hverju það er notað

Mildison Lipid inniheldur hýdrórkortisón sem er barksteralyf (vægur steri) með væga verkun (flokkur I) til útvortis notkunar í feitu kremi.

Mildison Lipid er notað til meðferðar á exemi sem stafar t.d. af: sápu, hreingerningarefnum, snyrtivörum, skordýrabiti og sólbruna.

2. Áður en byrjað er að nota Mildison Lipid

Ekki má nota Mildison Lipid:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir hýdrórkortisóni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- við sýkingum af völdum baktería, sveppa eða sníkjudýra. Í þeim tilvikum á einnig að meðhöndla húðina með öðru lyfi. Ráðfærðu þig við lækni.

Varnaðarorð og varúðarreglur

- Varist að kremið berist í augu. Þvoið hendurnar eftir að kremið hefur verið notað, nema ef meðferðin er ætluð á hendur.
- Má ekki nota í sár eða umhverfis augun.
- Hafðu samband við lækni ef þú færð þokusýn eða aðrar sjóntruflanir.

Ef lyfið er notað of oft, á útbreiddum svæðum eða með röngum hætti í lengri tíma geta komið fram fráhrarfseinkenni þegar meðferð er hætt.

Ef einkenni koma aftur fram stuttu eftir að meðferð er hætt, skaltu ekki hefja meðferð að nýju með kreminu nema að ráðfæra þig við lækni. Ef einkenni hverfa við meðferð og við endurkomu einkenna nær roði út fyrir fyrri meðferðarsvæði og þú finnur sviðatilfinningu, skaltu leita lækniástoðar.

Börn

- Ekki skal meðhöndla stór húðsvæði hjá börnum nema að ráðfæra sig við lækni áður.
- Má einungis nota til meðferðar hjá börnum yngri en 2 ára eftir ávísun læknis.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ekki hefur verið sýnt fram á að lyfið hafi óæskileg áhrif á fóstur.
Lyfið berst í brjóstamjólk, en verkun á barnið er talin ólíkleg.

Akstur og notkun véla

Ekki er vitað um neina hættu.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Mildison Lipid inniheldur bensýlalkóhól, cetósterýlalkóhól og própýlparahýdroxýbesóat

Lyfið inniheldur 7,5 mg af bensýlalkóhóli í hverju grammi kreams. Bensýlalkóhól getur valdið ofnæmisviðbrögðum og vægri staðbundinni ertingu. Lyfið inniheldur einnig cetósterýlalkóhól sem getur ert húð staðbundið (t.d. snertihúðbólga) og própýlparahýdroxýbesóat sem getur valdið ofnæmi (e.t.v. síðbúnu).

3. Hvernig nota á Mildison Lipid

Notið lyfið alltaf nákvæmlega eins og lýst er í fylgiseðlinum eða eins og lækningur hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingi.

Mildison Lipid er borið á sjúkt húðsvæði í þunnu lagi 2 sinnum á sólarhring.

Eftir að bati kemur fram má draga úr notkun og nota lyfið einu sinni á sólarhring eða 2-3 sinnum í viku og nota það til skiptis með mýkjandi kremi án hýdrókortisóns.

Hafi einkenni versnað eða ekki lagast á viku skal hafa samband við lækni.

Ef Mildison Lipid er notað of oft, á útbreiddum svæðum eða með röngum hætti í lengri tíma geta komið fram fráhrarfseinkenni, einkum ef þú hættir meðferðinni skyndilega (sjá kafla 2 og 4). Fáðu ráðleggingar hjá lækni.

Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingi.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Mildison Lipid valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

Sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 notendum):

- húðerting
- snertihúðbólga (með kláða, roða og ertingu).

Mjög sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 notendum):

- húðþynning,
- hárfæðaútvíkkun í húðinni,
- smáblæðingar í húð,
- húðslit,
- graftarþrymlar,
- húðbólga í kringum munn,
- litabreytingar,
- húðbólga,
- exem.

Örsjaldan koma fyrir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 10.000 notendum):

- áhrif á starfsemi nýrnahettubarkar.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):

- þokusýn
- Fráhvarfseinkenni stera: Ef lyfið er notað of oft, á útbreiddum svæðum eða með röngum hætti í lengri tíma geta komið fram fráhvarfseinkenni þegar meðferð er hætt, með einhverjum eða öllum af eftirtöldum einkennum: roði í húð sem mögulega nær út fyrir fyrri meðferðarsvæði, bruna- eða sviðatilfinning, mikill kláði, húðflögnun, opin sár sem vessar úr.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Mildison Lipid

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægra hitastig en 25°C

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiðanum og öskjunni á eftir „EXP“. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem tilgreindur er.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Mildison Lipid inniheldur

- Virka efnið er hýdrókortisón 10 mg/g
- Önnur innihaldsefni eru: hvítt vaselín, þunnfljótandi paraffínólía, cetósterylalkóhól, makrógól 25 cetósteryléter, vatnsfrí sítrónusýra (E 330), vatnsfrítt natríumsítrat (E 331), bensýlalkóhól, própýlparahýdroxýbensóat (E 216) og hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Mildison Lipid og pakkningastærðir

Mildison Lipid er hvítt krem.

Kremið er í túpum með 15 g (án lyfseðils) og 30 g (án lyfseðils).

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Karo Pharma AB
Box 16184
103 24 Stockholm
Svíþjóð

Framleiðandi

Temmler Italia S.r.l.
Via Delle Industrie, 2
20061 Carugate (MI),
Ítalía.

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið

Alvogen ehf.

Sími: 522 2900

Netfang: info@alvogen.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í maí 2023.